



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ



# Flórgoðin

## Nýtt fréttablað Áslandsskóla

### Mikilvæg atriði

- Nýtt matartímabil er að hefjast með nýjum áherslum. Munið að panta og greiða mat.
- Kynning á nýgerðum skipulagsbreytingum.
- Kennsla í tómskúla hefst 4. nóv.
- Á næstunni verða ráðnir nýir stjórnendur og starfsmenn við stoðkerfi skólans.

Núverandi stjórnendur í Áslandsskóla telja það mikilvægt að koma upplýsingum um skólastarfið til foreldra. Miklar annir við skipulagsbreytingar hafa gert það að verkum að útgáfa fréttablaðs hefur dregist. Með þessari útgáfu vonumst við til að geta fært foreldrum meiri og fjölbreyttari upplýsingar um skólastarfið en þeir fá í daglegum samskiptum við börn sín og kennara. Við væntum þess að foreldrar taki vel allri upplýsingagjöf og beini því til barna sinna að þau komi slíkum bréfum strax til foreldra þegar skólinn biður um það. En við verðum að treysta á nemendur sem tengiliði við að koma blaðinu inn á

heimilin.

Nafnið *Flórgoðinn* er sótt í sérkenni Áslandshverfisins. Ástjörn er friðlýst tjörn vestan undir Ásfjalli hér neðan byggðarinnar. Þar er að finna eina reglulega flórgoðavarp sem eftir er á Suðvesturlandi auk annars dýralífs sem þar er að finna. *Flórgoði* sem nafn á fréttablaði Áslandsskóla er til að minna á sérstöðu okkar að þetta er skólahverfi fyrir börn í Áslandshverfinu.

Bestu kveðjur,  
starfsfólk Áslandsskóla



### Morgunstundir

Morgunstundir eru í skólunum alla daga, ýmist á sal eða í stofum. Nemendur í 1.-3. bekk fara á sal þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga og nemendur í 4.-8. bekk á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum. Allir nemendur skólans eru því saman á þriðjudögum. Morgunstund er frá kl. 8.05-8.25. Foreldrar eru sérstaklega boðnir velkomnir á morgunstundir.

### Í þessu blaði

Matarmál nemenda og nýtt matartímabil	1
Samskipti og agamál	2
Grunn-, heilsdags- og tómskúla	2
Greiðslur vegna matarkaupa	2
Skipulagsbreytingar	3
Hugmyndafræði Áslandsskóla	4
Skólanámskrá og skólastarf	4

## Matarmál nemenda og nýtt matartímabil

Frá og með 1. nóvember tekur gildi nýtt matartímabil í Áslandsskóla. Nokkrar breytingar hafa orðið með yfirtöku bæjarins á rekstri skólans og eru þær þessar:

- Verð á máltíðum lækkar til samræmis við það sem er í öðrum grunnskólum bæjarins. Verð á máltíð verður 220 krónur.
- Nú er eingöngu möguleiki á að panta máltíðir ákveðna vikudaga í stað þess að

kaupa máltíð alla vikudaga eins og áður.

- Hætt verður að selja léttmjólk og í staðinn verður seldur Dreitill. Dreitill er léttmjólk bætt með vítamínum.
- Máltíðir verður að greiða fyrirfram. Þegar foreldrar senda pöntun í skólann þarf að fylgja bankakvittun með fyrir greiðslu. Foreldrar reikna sjálfir út verðið í samræmi við leiðbeiningar á pöntunarseðli. Hver nemandi fær tvo seðla senda

heim, einn til að senda til skólans og afrit til að geyma heima.

- Mikilvægt er að senda pantanir inn fyrir réttan skiladag. Skólinn hefur allan rétt til að hafna pöntunum sem berast of seint. Skiladagur pantana er mánudagur 28. október.

Athugið að reikningsnúmer fyrir greiðslu er tilgreint aftan á pöntunarblaði.



Það er mikilvægt að nemendur komi fréttablöðum skólans heim.

## Samskipti við stjórnendur Áslandsskóla

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að við tókum við stjórn skólans hafa fjölmargir forráðamenn þurft að ná sambandi við okkur vegna ýmissa málefna sem þurfa úrlausnar við. Á stundum getur verið erfitt að ná sambandi við okkur og biðjum við fólk að skilja eftir skilaboð hjá ritara náist ekki í okkur og reynum við að hafa samband við fyrsta tækfæri. Í þessari viku verða skólareglur og viðurlög við brotum á þeim sérstaklega til umfjöllunar á samstarfsfundum okkar og starfsmanna. Það er ætlun okkar að

skerpa á skólareglunum og gera meiri kröfur til þess að allir sem í skólanum starfa sýni hver öðrum fyllstu háttvísi og virðingu. Við heitum á ykkur forráðamenn, að koma til liðs við okkur og taka vel á með okkur þegar og ef við leitum fulltingis ykkar við lausn á aga-og/eða stríðnismálum sem eru því miður í gangi meðal nemenda og við höfum fullan hug á að uppræta sem fyrst.

Við munum á næstunni kynna ykkur þær vinnureglur sem viðhafðar eru í agamálum og senda ykkur þær heim. Við munum ennfremur boða til upplýsinga- og fræðslufundar um þessi málefni.

Erla Guðjónsdóttir  
Vigfús Hallgrímsson

**Grunnskóli**=starfsemi samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Ókeypis kennsla.

**Heilsdagsskóli**=Samverustaður fyrir nemendur eftir skóla. Greitt sérstaklega.

**Tómstundaskóli**= Kennslutilboð til nemenda að loknum skóladegi í grunnskóla. Greitt sérstaklega, nema aðstoð við heimanám.

## Grunnskóli, heilsdagsskóli og tómstundaskóli

Starfsemi Áslandsskóla hefur verið þrískipt, í grunnskóla (skylda), heilsdagsskóla (tilboð) og tómstundaskóla (tilboð). Nýir stjórnendur lögðu áherslu að koma fyrst starfsemi grunnskólans í gott horf. Það hefur nú að mestu tekist þó að enn sé verið að laga nokkra hnökra sem hafa komið fram.

Sömuleiðis var farið yfir starfsemi heilsdagsskólans og reynt að koma þar á fastara skipulagi. Þá er unnið að un-

dirbúningi þess að heilsdagsskólinn fari í sitt rétta húsnæði hér innan skólans. Þá er í skoðun hvernig starfsmannahaldi við heilsdagsskólann verður háttáð.

Undirbúningur að starfsemi í tómstundaskólanum er í fullum gangi. Þegar honum verður lokið munu nemendur fá senda heim kynningu á skólanum og skráningarform. Öll kennsla í tómstunda-skólanum verður

seld á kostn-aðarverði og verður verið mismunandi eftir kostnaði við einstök námskeið. Eina undan-tekningin er aðstoð við heimanám sem er ókeypis. Kynningarblað um tómstundaskólann kemur út á næstunni.

## Greiðsla gíróseðla vegna kaupa á máltíðum í september og október

Við yfirtöku Hafnarfjarðarbæjar á rekstri skólans er verði á máltíðum breytt til samræmis við það sem er í öðrum skólum bæjarins, þ.e. í 220 krónur fyrir máltíðina. ÍMS sendu reikning heim fyrir máltíðum í september og október og er fólk beðið um að greiða þá og verður mismunur á nýja og eldra verðinu endurgreiddur. Þeir sem óska eftir að fá endurgreiðslu eru beðnir um

að koma greiðslukvittunum í skólann 4. og 5. nóvember og verður mismunur á nýja og eldra verðinu dreginn frá reikningi fyrir matartímabilið sem hefst í desember.

### Skólasund

Fjölgun bekkjardeilda kallaði eðlilega á fleiri kennslutíma í sundlauginni. Þar sem þröngt er skipaður bekkurinn og tímar ekki á lausu í innilaug Suðurbæjarlaugarinnar, reyndist því miður ekki unnt að hafa samfellda stundaskrá. Því þurfa sumir bekkir að fara í sund þegar langt er liðið á daginn. Tímasetning í sundi breytist því hjá nokkrum bekkjum (2., 3., 6. og 8. bekk) frá og með þriðjudegi 29. október og munu nemendur fá nýjar töflur heim með sér næstkomandi föstudag.

## Skipulagsbreytingar í Áslandsskóla

Það var ljóst strax við yfirtöku Hafnarfjarðarbæjar að ákveðnar skipulagsbreytingar yrði að gera á starfsemi skólans. Markmið með breytingunum var að skapa skólastarfinu heppilega umgjörð en um leið að viðhalda ýmsu góðu og sérstöku í starfi skólans. Þetta hefur m.a. verið gert:

1. Nemendum var skipt á ný í bekki og var ráðað eftir árgöngum. Þannig fjölgaði heimum (umsjónar-bekkjum) úr 10 í 14.
2. Allir kennarar skólans sem sögðu upp störfum drógu uppsagnir sínar til baka. Nýir kennarar voru einnig ráðnir til starfa, 4 umsjónarkennarar og 2 sérgreina-kennarar en annar þeirra hafði verið ráðinn af fyrri rekstraraðila en var ekki kominn til starfa.
3. Ýmis tæki og búnaður var keyptur til skólans sem augljóslega vantaði. Hér var bæði um að ræða ýmis kennslugögn eins og kennslubækur og gögn í list- og verkgreinastofur (heimilisfræði, textílmenn, tónmennt). Áfram verður unnið að bæta við stofnbúnað, sérstaklega fyrir tónmennt, skólasafn og raungreinar.
4. Reynt hefur verið að gera stundatöflur nemenda sem samfelldastar. Það hefur tekist að öðru leyti en því að ekki hefur tekist að fá nýja tíma í íþróttahúsi og sundlaug fyrir suma árganga. Úthlutun tímana var í vor og miðaðist við of fáa nemendur í Áslandsskóla.
5. Íþróttatímar yngstu nemenda breyttust þannig að þeir fara sjaldnar til kennslu í íþróttahús og taka sína íþróttatíma í skólanum, ýmist með umsjónarkennara og/eða íþróttakennara.
6. Morgunstundir verða áfram haldnar í skólanum á hverjum degi, annað hvort inni í bekk eða frammi á sal. Gert er ráð fyrir að hver nemandi fari tvisvar til þrisvar í viku í morgun-stund á sal og í eitt af þeim skiptum hittist allir nemendur saman á sal.
7. Hafin verður margvísleg stuðnings- og sérkennsla með breyttu skipulagi og aukinni stoðþjónustu. Verið er að fara yfir ýmsar óskir foreldra og greiningar á nemendum frá sérfræðingum til að finna þarfir fyrir slíka kennslu. Auglýst hefur verið eftir sérkennara og námsráðgjafa við skólann til að styðja við þessa þjónustu. Auk þess munu ýmsir núverandi kennarar skólans taka þátt í stuðningskennslunni.
8. Sama rútan verður notuð áfram til að aka nemendum í íþróttir og sund. Mikilvægt er að foreldrar sendi börn sín tímanlega í skólann á morgnana þegar skólinn byrjar á íþróttatíma. Einnig verður rútan notuð í vettvangsferðir þegar hún er ekki bundin í föstum ferðum.
9. Skólastjórar hafa verið að skoða ýmis einstök mál í skólanum. Þar hafa þeir lagt mikla áherslu á að bæta hegðun, skýra skólareglur og taka á fram-

komu nemenda.

Ýmis mál eru auk þess í vinnslu í samstarfi við fræðsluyfirvöld sem áfram verður unnið að:

- Flutningur heilsdags-skólans í sitt rétta húsnæði en þar hefur nú deild frá leikskóla ÍMS aðstöðu.
- Breyting á tölvumálum starfsfólks, m.a. ný netföng fyrir starfsmenn sem foreldrar geta nýtt sér í samskiptum við starfsfólk skólans.
- Hafin er undirbúningur á kennslu í tómskólanum (sjá nánar síðu 2 og væntanlegt kynningarblað).
- Fundir með foreldrum eru einnig á dagskrá um ýmis málefni, s.s. skóla-reglur, þátttöku foreldra í skólastarfinu og hugmyndafræði Áslandsskóla.

---

*Þrátt fyrir margar skipulagsbreytingar og aukningu í starfsmannahaldi er margt ógert ennþá og ýmislegt verður þróað frekar.*

---



Það er mikilvægt að nemendur komi fréttablöðum skólans heim.

## Hugmyndafræði Áslandsskóla

*Bæjaryfirvöld hafa sagt að með yfirfærslu skólans til bæjarins eigi ekki að breyta hugmyndafræði skólans. Nú er kannski ekki einhlítt hvað felst í hugmyndafræði skólans þar sem ýmislegt hefur tekið breytingum frá því að hann hóf starfsemi. Nýir stjórnendur hafa skynjað ákveðna þætti sem lið í hugmyndafræði skólans og markvisst haldið þeim í skipulagsbreytingunum sem gerðar voru. Það var m.a þetta:*

- *Áherslu skólans á dygðakennslu er haldið áfram; á lífsleiknikennslu, morgunstundir, hornsteinana o.fl. Á næstu misserum þarf þó að ræða betur í hópi starfsmanna, foreldra og nemenda hvað felst í skapgerðarmenntun (character education) og birtist m.a. í dygðakennslu.*
- *Tilboð um tólmundakennslu eftir skóladaginn verða þróuð í samræmi við þarfir nemenda.*
- *Alþjóðlegri áherslu í starfi skólans er viðhaldið, s.s. með því að hefja enskukennslu frá 6 ára aldri og kennslu í dönsku frá 10 ára aldri.*
- *Tryggja þarf að kennslan sé í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla. Skóli í örum vexti tekur miklum breytingum og mikilvægt er að geta haft sem mesta stjórn á þeim til að þær verði nemendum til framdráttar.*

Kríúás 1  
221 Hafnarfjörður  
Sími: 585 4600  
Fax: 585 4610

Við ætlum að gera allt framúrskarandi vel.



Miðlun upplýsinga er mikilvæg í nútíma stjórnun og skólastarfi.

## Skólanámskrá og skólastarf

Skólastarf hvers skóla byggir á ákveðnum hugmyndum og grunni um inntak skv. lögum. Stundatafla nemenda, vinnuskipulag kennara og aðstæður í hverjum skóla marka inntakinu farveg. Núverandi stjórnendum fannst nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar þar sem sumu hafði ekki tekist að koma í það horf sem gekk upp í skólastarfinu. Þannig hafa sumir kennarar skólans þurft að skipuleggja kennslu sína frá grunni þrisvar sinnum. Dæmi um slíkt er kennari í Áslandsskóla sem hafði undirbúið ákveðna kennslu áður en hann kom til starfa. Þegar hann hóf störf í ágúst kom í ljós að ekki voru aðstæður til þeirrar kennslu sem hann hafði stefnt að, og þekktist í mörgum grunnskólum. Það var m.a. vegna skorts á námsgögnum og tækjum til kennslunnar. Því varð kennarinn að breyta upphaflegum hugmyndum sínum og aðlaga sig að einfaldari og fábreyttari kennslumöguleikum. Nú við

yfirtökuna er verið að kaupa ný tæki og þá þarf sami kennari enn á ný að hefja undirbúning að kennslu, sem hann vill þróa frá fyrstu hugmyndum sem hann hafði í haust. Allt þetta bendir á það hversu mikinn vanda kennarar skólans hafa búið við í haust. Með jákvæðu hugarfari hafa kennarar breytt kennsluskipulagi og inntaki kennslunnar. Þeir hafa gert það með ótrúlegum dug og mikilli vinnu.

Með allt þetta að baki verðum við að biðja foreldra að sýna þolinmæði þar til við getum kynnt það sem er að gerast vegna breytinga á aðstöðu og nýjum kennurum. Það verður að gefa kennurum tíma til að koma sínum hugmyndum í framkvæmd áður en miklar kröfur eru gerðar um að skýra nákvæmlega fyrir foreldrum hvernig að hlutunum er staðið, m.a. með skriflegum námskrám.

Allt skólastarf eins skóla má kalla einu nafni skólanámskrá og er þá innifalið (1) inntak kennslu sem er skýrð í

skriflegum námskrám, (2) ferli s.s. úrvinnsla agamála og eineltis og (3) framkvæmd, þ.e. hvað gerist í raun og veru í skóla en ekki bara það sem á að gerast samkvæmt lýsingum. Gerð skólanámskrár er langt, strangt og flókið vinnuferli sem nýr skóli þarf að fá góðan tíma til að gera í samstarfi stjórnenda, kennara, annars starfslíðs, nemenda og foreldra.

### Flórgoðinn

Fréttablað Áslandsskóla.

**Ábyrgð:** Erla Guðjónsdóttir skólastjóri  
**Hönnun og umbrot:** Vigfús Hallgrímsson aðstoðarskólustjóri.

**Skrif:** Erla og Vigfús